# HVAÐ ER ELDVIRKNI OG JARÐVARMI?

## SKOÐUM ÞAÐ SAMAN

# ELDSTÖÐVAR Á ÍSLANDI



Hér sjást helstu **eldstöðvar** Íslands!

Hvar erum við?

# HVAÐ ER ELDVIRKNI?




Inn í jörðinni er mjög heitt og þar má finna heitan vökva sem kallast **kvika.**

Stundum vill kvikan komast upp úr jörðinni!

Þegar kvikan finnur sér leið upp úr jörðinni kemur hún út úr eldfjöllum sem **eldgos.**

Hafið þið heyrt um eldgos? Jafnvel séð eldgos? en Eldfjall?

# HVAÐ ER JARÐVARMI?

Þegar vatn sígur ofan í jörðina, nálægt þessari **kviku,** hitnar það mikið.



Þetta kallast **jarðvarmi,** heitt vatn og gufa sem kemur úr jörðinni.

Á Íslandi eru margar heitar laugar, goshverir og jarðhitasvæði sem sýna hvernig þetta gerist!







Hafið þið heyrt um goshver? Hafið þið farið í heita laug úti í náttúrunni?



Við borum djúpar holur þar sem heita vatnið er.

Heita vatnið fer með löngum rörum upp á yfirborðið.

Þaðan fer það í hitaveituna sem sér um að senda vatnið út um alla bæinn okkar.

Heita vatnið fer með rörum inn í öll húsin og er t.d. notað í:

Ofna, til að halda hita á heimilunum okkar
Sturtur og baðvatn
Sundlaugar og heita potta





**Jarðvarmi** er ástæðan fyrir því að við höfum t.d.:

*Hlý og notaleg heimili*

*opnar sundlaugar allt árið*

*Heitt vatn í krananum*



Þetta kallast hrein og endurnýjanleg orka, góð fyrir jörðina.